

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 17.05. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:10

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Trausti Evarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Leiga á Þernu.

Fyrir fundinum liggur tilboð frá Enzo um að leigja Þernu. TÆ sér ekki að við fáum neitt út úr þessu. FH segir þá hafa búið við ca 100.000 hafi ætlað að vinna uppí með kennslu. ÁBF vill svara þessu strax sem móðgun við Þyt. Tilboðinu er hafnað af öllum fundarmönnum. EK hefur sagt að þeir geti gengið í klúbbinn og skaffað eins og aðrir. FH tekur undir það: á sama grunni og aðrir.

2. Gúmmíbjörgunarbatúrin

EK er búinn að leigja hann á sunnudag og mánudag á 10.000 á dag. ÁBF spyr hvort búið er að útvega nýja skráfu, FH segir hana ekki til. ÁBF hræddur um að legur geti brotnað, gengst í að redda skráfu.

3. Bréf til félagsmanna.

EK hefur samið bréf. ÁBF finnst of langt. FH finnst vanta hvatningu til barna og fullorðinna um að koma. BS falið að laga textann og senda til baka með tölvupósti.

4. Mót og samskipti við höfnina.

Mót á vegum Þyts er á laugardaginn. FH spyr EK hvort hann hafi fengið medalíur. EK gáði ekki í dag. BS spyr hvað þurfi að gera. EK segir að það sé ekkert: hann startar þeim í REK og tekur á móti í Hafnarfirði, ætlar að bjóða Jóa með. TÆ segir Magga vera í nefndinni með EK. EK talaði við Má um að fá á endann 4 bíl með 8 plássum og fór fram á að fá fjöruna lagaða með hörpuðu efni. Höfnin þarf að hafa samband við sína verktaka sem fyrst. ÁBF segir að eftir ÍBH þing séum við fremst á blaði, hann hitti Friðrik Ólafsson segir það vera næsta mál að ítreka við bæinn því ekki er búið að klára hjá okkur, það er fljótlega sem Friðrik mun hafa fund með bæjarstjóranum og ítreka þingmálin.

ÁBF segir að umhverfið í kring sé til skammar. EK segir að báturinn hans Magga sé farinn að fara í taugarnar á Valgerði sem vill fá hann fluttan. ÁBF vill svara því þannig að vegna aðstöðunnar í kring sé erfitt að færa hann eitthvað, hann og EK sammála um að nota hann sem pressu. ÁBF segir höfnina geta sent kvörtun til Magga, en hann er félagsmaður og það er klúbbsins að fara fram á að aðstaðan sé boðleg. Í nágrenninu er ruslahaugur. TÆ segir að hvergi sé boðið uppá aðstöðu fyrir bátaviðgerðir. FH segir að ekki er búið að skipuleggja svæðið. ÁBF segir að það eigi að rífa íshúsið, höfin er í vanda með sín samgöngumál, stefnt er að því að setja götu hér í gegn.

5. Eftirspurn eftir því að keppa

Ef fleiri en 2 áhafnir vilja sigla í sumar, hvernig á að ákveða hverjir geri það nefnt að hugsanlega þurfi að draga um það. FH nefnir þá sem koma í klúbbinn bara til að keppa en vinni ekki eins og aðrir. EK með tillögu um að hugsa eitthvað skipulag á þessu næstu 2 vikur. TÆ segir tvennt í þessu að nota besta liðið ef hægt er en þá eru aðrir sem aldrei fá tækifæri. EK og FH segja hægt að gera bæði. BS segir að það hafi verið rætt að klúbburinn móti sér afreksstefnu. ÁBF segir klúbbinn eiga 2 keppnisbáta og stjórnin ætti að koma sér saman um hverjir verði skipstjórar í keppnum. Samþykkt að taka þetta aftur fyrir eftir 2 vikur og hugsa málið þann tíma.

6. Fánaborg, gjallarhorn, segl, terminalar, stög og merkjaflögg

BS hefur athugað verð á fánaborg fyrir 5 fána kostar 120.000 finnst það dýrt. TÆ kannar efnisverð. BS finnst gjallarhorn á 28.000 of dýrt hægt að öskra áfram. EK vill kaupa þetta segir að sé of erfitt. FH greiddi seglin í gær, sendi skeyti og fékk staðfest að er komið til skila. Einhver ruglingingur hefur verið með póstinn við fyrirtækið en er komið í lag. EK keypti úti terminala, sem voru dýrir, og stög. EK skoðaði merkjaflögg þau eru ódýrari á Íslandi. EK með tillögu um að kaupa þau merkjaflögg sem vantar það samþykkt með öllum atkvæðum.

7. Kappsiglingarfyrirmæli

ÁBF spyr um tímasetningar í kappsiglingarfyrirmælum mótsins á laugardag. EK segir að það séu alþjóðleg fyrirmæli sem eru orðin standard.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:56

Birna Sigbórsdóttir (sign)